

Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2024

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

Formaður AFLs endurkjörin 2. varaforseti Alþýðusambands Íslands

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir var endurkjörin 2. varaforseti ASÍ á þingi sambandsins sem haldið var um miðjan október í Reykjavík. Finnbjörn A. Hermannsson var einn í kjöri sem forseti og hlaut því endurkjör.

Engin átök voru í kosningum til forseta eða miðstjórnar þar sem engin mótframbod bárust við tillögu kjörnefndar utan eins frambods til miðstjórnar en ekki þurfti að ganga til kosninga þar sem einn fulltrúi í tillögu kjörnefndar dró framboð sitt til baka.

AFL Starfsgreinafélag átti 14 fulltrúa á þinginu auk eins fulltrúa fyrir ASÍ Ung. Fulltrúar AFLs og annarra félaga á norðausturhluta landsins mættu seint til þings þar sem flugi var ítrekað frestað á upphafsdegi þingsins og lýsir það kannski vel ástandi á samgöngum landsins – því ekkert var að veðri.

Á heimferðardaginn hamlaði hins vegar veður heimför og töfðust þingfulltrúar AFLs þannig að 9 fulltrúar þurftu að bíða fram á laugardag. Sumir komust ekki til síns heima fyrir en undir kvöldmat á laugardag en þingi lauk um kl. 16 á föstudaginn 18. október.

Sterk hreyfing – sterkt samfélag

Yfirskrift þingsins var „Sterk hreyfing – sterkt samfélag“ og er vísun til þess að velferð er hvað mest í þeim ríkjum heims þar sem verkalyðshreyfingin er öflug og



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, var endurkjörin sem annar varaforseti ASÍ.

hefur komið að mótun samfélagsins síðustu áratugi.

Meginefni til umfjöllunar á þinginu voru:

- Auðlindir í þágu þjóðar
- Samkeppni í þágu samfélags
- Þjónusta í þágu almennings

Einkavæðing í sænska heilbrigðiskerfinu mylur undan dreifbýlinu

Á meðal þeirra sem fluttu erindi á þinginu var sænski prófessorinn Göran Dahlgren, sem fjallaði um einkavæðingu í sænska heilbrigðiskerfinu og vandamál sem sænskt heilbrigðiskerfi glímir við í kjölfarið. Í stuttu máli má segja að einkavæðing hafi helst gagnast menntuðu hátekjufólki í þéttbýli á meðan þjónusta á láglaunasvæðum og í dreifbýli hefur dregist saman.

Reynsla Svía síðustu þrjú áratugi sýnir að markaðsvæðing velferðarþjónustu er ekki framtíðarlausnin. Hún veldur auknum ójöfnuði og verri þjónustu fyrir þá sem mest þurfa á henni að halda. Til að tryggja og bæta íslenskt heilbrigðiskerfi verður að efla opinbera kerfið og stöðva frekari einkavæðingu.

Þingskjöl og ályktanir þingsins eru opnar til skoðunar á heimasíðu Alþýðusambands Íslands. [www.asi.is](#)

Þjónusta í þágu almennings – ályktun um velferðarmál

46. þing ASÍ krefst þess að stjórnvöld tryggi jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, óháð aldri, búsetu og efnahag. Styrkja þarf opinbera heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað og tryggja aðgang að heimilislæknum og nauðsynlegum tækjum

og lyfjum í heimabyggð. Hagræðing og samþjöppun heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni má ekki leiða til aukins kostnaðar fyrir sjúklinga, aðstandendur og stéttarfélög, á meðan ríkið losar sig undan ábyrgð.

Versnandi geðheilbrigði er einn stærsti heilbrigðisvandi nútímans og krefst 46. þing ASÍ að gripid verði til frekari aðgerða og forvarna í málaflöknum. Styrkja þarf geðheilsuteymi heilsugæslunnar en eins þurfa stjórnvöld að framfylgja samþykkt Alþingis um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu og auka þannig aðgengi óháð efnahag.

46. þings ASÍ krefst þess að sameiginlegir sjóðir almennings endi ekki í arðgreiðslum einkafyrirtækja í velferðarþjónustu. Til þess þarf að styrkja regluverk og auka eftirlit. Forgangsráða skal opinberu fé í þágu almennings. Ísland er í fjárfestingaskuld í heilbrigðismálum, sem sést til að mynda á vanda Landspítala og eftir atvikum annarra stofnana og þeirri þróun sem orðið hefur í útboðum þjónustu til einkaaðila. 46. þing ASÍ hafnar hagnaðardrífnum einkarekstri sem lausn við vanda heilbrigðiskerfisins. Heilbrigðisútgjöldum heimilanna verður að halda í lágmarki og rekstrarform velferðarþjónustu má aldrei hafa áhrif á aðgengi eða gæði þjónustu. Heilbrigðiskerfið á að vera grundvöllur réttláts og farsæls samfélags og stjórnvöld verða að takast á við hlutverk sitt sem veitandi heilbrigðisþjónustu.

Viðhorfskönnun AFLs og Einingar Iðju

Nú stendur yfir viðhorfskönnun AFLs og Einingar Iðju á Akureyri, í samvinnu við Gallup á Íslandi.

Þetta er í 13. skipti sem félögin framkvæma viðhorfs- og launakönnun á meðal félagsmanna og hefur því byggt upp mikill gagnagrunnur um aðstæður og viðhorf félagsmanna.

Við stefnumótun og undirbúning kjaraviðræðna hefur þessi

gagnagrunnur komið sér vel og eins hefur forysta félagsins leitað í þennan grunn til undirbúnings þátttöku í stefnumótunarfundum hreyfingarinnar – til að geta betur gert grein fyrir aðstæðum og viðhorfum félagsmanna.

Til að hvetja félagsmenn enn frekar til þátttöku eru 10 félagsmenn dregnir út áður en könnunin hefst en ekki kemur í ljós hverjir það eru fyrr en þeir svara könnuninni. Þessi

tíu vinna 15.000 kr. vinninga hver. Þegar könnuninni er síðan lokið eru dregnir út í báðum félögum tveir 150.000 króna vinningar, fjórir 50.000 króna vinningar og fjórir vinningar sem eru viku orlofsdvöl utan úthlutunartímabíla orlofshúsa eða íbúða.

Þess má geta að það er ætíð góðlátlegur metingur á milli AFLs og Einingar Iðju varðandi þátttöku félagsmanna. AFL hefur oft haft

vinninginn – þ.e. fengið herra svarhlutfall en þeir norðanmenn en yfirleitt munar mjög litlu á félögum.

Við viljum því hvetja félagsmenn til þátttöku – bæði til að veita forystu félagsins sem besta leiðsögn um aðstæður og viðhorf félagsmanna og einnig og ekki síður þá finnst okkur betra að vera með betri þátttöku en félagar okkar í Einingu Iðju.

Hvaða máli skiptir að skrá starfsmannaflokk eða starfsstöð á „mínum síðum“

Í félagakerfi AFLs er á „mínum síðum“ hægt að skrá starfsstöðina sína og einnig að tilkynna um breyttan „starfsmannaflokk“. Þannig getur t.d. einstaklingur sem lýkur sveinsprófi skoðað hvort hann er skráður sem iðnaðarmaður eða verkamaður – og ef skráning er röng – sent tilkynningu um breyttan starfsmannaflokk.

Athugið: Allir félagsmenn AFLs eru með skráðan starfsmannaflokk – en félagsmenn geta skoðað skráningu sína og tilkynnt breytingu eins og fjallað er um hér að ofan.

Rétt skráning starfsmannaflokks er grundvallaratriði til dæmis við atkvæðagreiðslur um kjarasamning, en einnig – og ekki síður – við undirbúning kjaraviðræðna. Sem dæmi má nefna að upp úr áramótum fer í gang undirbúningur vegna endurnýjunar kjarasamnings starfsmanna fiskimjölsværsmiðja.

Við þá vinnu verður stuðst við félagatal AFLs og leitað verður til þeirra sem eru skráðir með „fiskimjölsværsmiðjur“ sem starfsmannaflokk. Þeir sem starfa þar en hafa „fiskvinnslufólk“ sem starfsmannaflokk – verða þannig ekki spurðir álits í undirbúningi að kjaraviðræðunum.

Fyrir kemur að einhver mál koma til félagsins – t.d. varðandi endurmenntun iðnaðarmanna eða bílstjóra. Við eigum þá auðvelt með að koma þeim upplýsingum áfram til viðeigandi félagsmanna – ef starfsmannaflokkar eru rétt skráðir.

Hvað með starfsstöðvar?

Hins vegar eru starfsstöðvar almennt ekki skráðar á félagsmenn enn sem komið er og félagsmenn velta

væntanlega fyrir sér hvaða máli skiptir að skrá þær.

Það skiptir miklu máli varðandi kjör trúnaðarmanna og ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið síðari ár – þ.e. fyrirtæki stækka og starfsmönnum fjölga en trúnaðarmönnum hefur ekki fjölgað að sama skapi.

Það er erfitt fyrir starfsfólk AFLs að fylgjast með því t.d. hvaða starfsmenn Íslandshótelu eru á hvaða hóteli og því erfitt að standa fyrir trúnaðarmannakosningum á hótelum.

Á sama hátt eru t.d. stóru fiskvinnslurnar með margar deildir

en starfsfólk AFLs veit ekki hverjir vinna t.d. í uppsjávarvinnslu, hverjir í bolfiskvinnslu – hverjir eru á skrifstofunni og svo framvegis. Þannig gæti starfsfólk átt rétt á nokkrum trúnaðarmönnum – eða á hverri starfsstöð en er kannski bara með einn trúnaðarmann.

Sem dæmi um fyrirtæki sem mikilvægt er að starfsfólk skrái sig á starfsstöðvar eru t.d. stóru fiskvinnslurnar. Fyrirtæki sem eru um allt land – s.s. flutningafyrirtækin, verslunarkæðjurnar og fleiri. Fiskeldi þar sem margar starfsstöðvar eru. Starfsfólk leik- og grunnskóla í stórum sveitarfélögum, starfsmenn

á haldahúsa – og yfirhöfuð alls staðar þar sem fyrirtæki starfa með skýrt afmörkuðum starfsstöðvum.

Í nýjstu útgáfu félagakerfisins eru félagsmenn beðnir um að fara yfir skráningu sína á 6 mánaða fresti, þ.e. starfsmannaflokk, starfsstöð, netfang og símanúmer og staðfesta að það sé rétt skráð. Þetta er lyklatríði fyrir félagið til að geta haft samband við félagsmenn hratt og skilvirkt um mál sem snerta viðkomandi og hans hagsmuni.

Hvernig fer ég að?

Á meðfylgjandi skýringarmyndum má sjá hvernig starfsstöðvar eru skráðar. Við viljum vekja athygli á því að í „glugganum“ starfsstöðvar er bæði „felligluggi“ – þ.e. það er hægt að smella í gluggann og þá opnast listi yfir áður skráðar starfsstöðvar. Ef þín starfsstöð er á listanum er hún einfaldlega valin.

Ef hins vegar listinn er tómur – eða þína starfsstöð vantar á listann – þá er hægt að skrá stöðina þarna.

Starfsfólk AFLs mun síðan yfirfara skráðar starfsstöðvar og fjarlægja einhverjar sem ekki eiga rétt á sér og sameina á eina starfsstöð ef starfsstöðin er margskráð. Þetta verður lykiltæki félagsins í trúnaðarmannakosningum næstu mánuði.

The image shows three screenshots of the AFL web portal. The top screenshot shows the 'Mínar síður' (My pages) section with a search bar and a list of settings. The middle screenshot shows the 'Atvinnurekendur' (Occupations) section with a bar chart and a list of occupations. The bottom screenshot shows the 'Breyta upplýsingum' (Change information) section with a list of starfsstöðvar (workplaces) and a search bar.

Úr ályktun ASÍ þings um auðlindir

Fjallað var um orkumál á nýliðnu ASÍ þingi – hér að neðan er brot út ályktun þingsins um auðlindamál.

„...11.3. Að tryggja að þjóðin njóti ábata af íslenskum orkuauðlindum og nýtingu þeirra

Orkuauðlindir hafa skilað Íslendingum einu lægsta orkuverði í Evrópu, verðmætum störfum og arði sem Landsvirkjun skilar til ríkissjóðs. Aukin eftirspurn, minna framboð og aukin umfang einkaaðila í framleiðslu getur grafið undan þeim ábata sem Íslendingar hafa notið í áratugi.

- Orkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja verði tryggt. Almennings og smærri fyrirtækjum verði ávallt tryggt aðgengi að hreinu neysluvatni.

- Tryggt verði að almennings njóti áfram góðs af gnægð endurnýjanlegrar orku í formi lágs raforkuverðs.

- Sett verði arðsemispak á raforkuverð og á dreifingu raforku til heimila. Tryggja þarf að orkuverð til almennings sé ekki hækkað á sama tíma og orkufyrirtæki greiða út hluta hagnaðar í arðgreiðslur.

- Orkuframleiðsla verði almennt í höndum hins opinbera og fyrirkomulag uppbyggingar orkuinnviða og

raforkumarkaðar þjóni hagsmunum almennings.

- Orka sem framleidd er á Íslandi verði nýtt innanlands og ekki flutt út til annarra landa.

- Kostnaður við flutning og dreifingu raforku verði jafnaður á milli landsvæða. Kostnaður heimila verði heitt og kalt vatn og rafmagn verði jafnaður að fullu og öruggt aðgengi tryggt um allt land. Tryggt verði að auðlindarentan verði nýtt til þessara jöfnunar.

- Flutnings- og dreifikerfi raforku verði bætt til að tryggja afhendingaröryggi um allt land og mæta þörfum almennings og atvinnulífs...

Á þinginu kom fram breytinga-tillaga við ályktun um auðlindamál um viðbót sem hljóðar svo: „Auka þarf orkuöflun á grænni orku sem ýtir undir og eflir nýsköpun og tæknipróun og fjölgun fjölbreyttra starfa um land allt.“ Þessi tillaga var felld með 109 atkvæðum gegn 84 og virtist sem verulegur munur væri á landsbyggð og höfuðborgarsvæði í afstöðu til tillögunnar. Þannig virtust landsbyggðarfélag almennt styðja tillöguna en höfuðborgarsvæðið leggjast gegn henni þó svo að þetta hafi ekki verið einhlítt.

Um trúnaðarmenn og starfsstöðvar

Fjöldi trúnaðarmanna AFLs hefur verið nokkuð stöðugur síðustu ár og það jafnvel þó að það sé að verða erfðara að fá fólk til að gefa kost á sér til þessara trúnaðarstarfa. Sumir félagsmanna eru tregir til að taka að sér starfið af því þau telja það fela í sér of mikla ábyrgð og þau skorti færni til að sinna því. Í því sambandi er rétt að taka fram að trúnaðarmenn hafa í flestum tilfellum komið „grænir“ inn í starfið en fá síðan þjálfun og kennslu.

Starf trúnaðarmanna er einnig mjög misjafnt – allt frá t.d. trúnaðarmönnum hjá ALCOA Fjarðaáli sem eru mjög virkir í sínu starfi og aðstoða vinnufélaga reglubundið – t.d. mæta með þeim á áminningarfundum og verja málstað þeirra og til trúnaðarmanna sem hafa mjög litlar skyldur öllu jafna enda kannski mikil festa á þeirra vinnustað.

Fyrir félagið eru allir trúnaðarmenn mikilvægir – bæði þeir sem eru mjög virkir á vinnustöðum þar sem þeirra aðkomu er virkilega þörf og einnig á vinnustöðum þar sem lítið reynir á þá. Trúnaðarmennirnir eru tenging félagsins við vinnustaðinn og við leitum til þeirra þegar koma þarf upplýsingum á framfæri og eins við undirbúning kjarasamninga eru trúnaðarmenn fyrsti hópurinn sem leitað er til og samráð haft við.

Starfsfólks AFLs styður við trúnaðarmenn

Þegar trúnaðarmenn eru nýir í sínu starfi og ekki vanir því að stíga inn í mál – hafa þeir það mikilvæga hlutverk að láta félagið vita af málum



Glatt á hjalla á trúnaðarmannánámskeiði á Breiddalsvík.

sem þarfnast afskipta. Trúnaðarmaðurinn getur þá fengið ráðgjöf og handleiðslu í verkefnið eða félagið sendir starfsmann til aðstoðar. Eftir því sem trúnaðarmanni vex ásmegin – eykst færni viðkomandi til að stíga sjálf/t/ur inn í mál – en mikilvægt er að halda félaginu upplýstu um mögulegar deilur á vinnustaðnum.

Oft snúast deilur um hreinlega mismunandi túlkun á kjarasamningi og þá er best að félagið komi að málinu frá upphafi – enda er ekki ætlast til að trúnaðarmenn sem eru nýir í starfi geti túlkað flókin ákvæði.

Stuðningur við uppsögn eða áminningu

Mikilvægur hluti af starfi trúnaðarmanns er að aðstoða félagsmenn við t.d. áminningarviðtöl eða hreinlega uppsagnir. Þ.e. fara með starfsmanni á slíkan fund og gæta þess að ekki

sé hallað á viðkomandi og eins til að koma í veg fyrir að tilfinningar (reiði eða jafnvel sorg) samstarfsmannsins stefni hagsmunum hans í hættu. Góðir trúnaðarmenn hafa í slíkum kringumstæðum staðið upp og tilkynnt að þessum fundi sé lokið og félagið muni hafa samband við launagreiðanda vegna eftirmála og/ eða fela það lögmanni félagsins til úrlausnar.

Þetta er vegna þess að þegar fólk fær áminningu eða harkalegt tiltal – bregst það ólíkt við. Sumir reidast mikið sjálfir og eiga þá til að segja eða gera hluti sem betur væru ósagðir eða gerðir og dæmi eru um að fólk hafi fyrirgert uppsagnarfresti sínum í svona viðtölum. Þess vegna er mikilvægt að hafa trúnaðarmanninn með – hann stöðvar fundinn og frestar.

Átak í fjölgun trúnaðarmanna

Það er því öllum til hagsbótar að hafa trúnaðarmann á sinni starfsstöð og félagið mun á næstu mánuðum fara í átak til að fjölga trúnaðarmönnum. Rétt skráð starfsstöð er grundvöllur þess að það takist.

Trúnaðarmenn AFLs fá stuðning frá starfsfólki félagsins þegar þess er þörf en síðan býður félagið upp á námskeið tvisvar á ári. Um er að ræða þriggja daga námskeið og dvelja trúnaðarmenn þá á hóteli á félagssvæðinu með leiðbeinendum sínum og stunda námið á daginn en gera sér glaðan dag að kvöldi. Þessir viðburðir eru trúnaðarmönnum að kostnaðarlausu og það eru réttindi launafólks að trúnaðarmenn geti sótt námskeið og fræðslu án skerðingar á launum.

Aðgerðir gegn einbeitti og síaukinni brotastarfsemi á vinnumarkaði

46. þing ASÍ ályktar að:

- Úrræði vegna þeirra sem verða fyrir illri meðferð á vinnumarkaði, sérstaklega innflytjenda og erlends launafólks verði stór efl. Þrýst verði á opinbera aðila um að tryggð verði úrræði vegna illrar meðferðar á launafólki s.s. vegna mansals og alvarlegra brota á erlendu launafólki. Útbúnir verði samræmdir ferlar og heildstæð úrræði viðeigandi stofnana ríkis og sveitarfélaga sem grípa einstaklinga í þeirri aðstöðu, bæði varðandi öryggi á vinnumarkaði, laun og húsnæði. Skilgreina þarf leiðir til að ná til þessara hópa með upplýsingar.

- Auka þarf greiningu á fjölda og stöðu þessa fólks. Stuðlað verði að

frekari rannsóknum á mansali á Íslandi.

- Gerð verði athugun á gagnsemi/ skaðsemi starfsmannaleiga og reglur settar til samræmis við það.

- Sameiginleg heildstæð úrræði verði mótuð af hálfu ASÍ sem tryggja samræmd viðbrögð og aðkomu lögreglu og stofnana hins opinbera ef starfsfólk stéttarfélaga verður fyrir hótunum eða ofbeldi s.s. í tengslum við vinnustaðaeftirlit.

- Mikilvægt er að heildarsamtökin krefjist þess að stjórnvöld semji ekki við fyrirtæki og aðila sem hafa orðið uppvísir að brotum á vinnumarkaði s.s. brotum gegn réttindum launafólks, launabjórnaði, peningaþvætti, mansali o.fl.

Verkalýðshreyfingin beiti stjórnvöld þrýstingi um úrbætur og að opinberum aðilum verði gert skylt að kanna forsögu fyrirtækja áður en gengið er til samninga í opinberum útboðum, þannig að ekki sé samið við aðila sem uppvísir eru að slíkum brotum. ASÍ krefst þess að innkaupareglur sveitarfélaga og ríkis verði skýrar hvað þetta varðar. Mikilvægt er að tryggja að fyrirtæki sem opinberir aðilar skipta við séu skuldlaus við lífeyrissjóði og stéttarfélag og hafi ekki orðið uppvísir að endurteknum kennitöluskriptum eða brotastarfsemi. Tryggðar verði leiðir með setningu nýrra laga til að þrengja að eða koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar sem eru í skipulagðri brotastarfsemi geti endurtekið skipt um kennitölu til að vera í fyrirtækja rekstri.“

Hvítvegnað kennitölur

AFL Starfsgreinafélag tekur heilshugar undir þessa ályktun og vekur athygli á því að ítrekað á síðustu árum hefur í opinberum útboðum verið gengið til samninga við þekkt brotamenn sem hafa orðið sér út um „hvítvaskaðar“ kennitölur. Í þeim tilvikum sem AFL kom að málum vegna þessara framkvæmda var starfsfólki Fjársýslu ríkisins (Ríkiskaupa) fullkunnugt um viðskiptaferil þessara manna en fullyrta að skv. lögum um opinber innkaup bæri þeim að taka tilboðum frá þessum kennitöluflokkurum. Í kjölfar framkvæmda af þessu tagi – situr síðan nærsamfélagið, undirverktakar, birgjar og seljendur vöru og þjónustu svo og launafólk uppi með stórfellt tap.

Verkalýðshreyfingin og alþjóðasamtök

Barátta Amnesty International

Amnesty International er alþjóðleg samtök sem vinna að því að verja mannréttindi um allan heim. Samtökin voru stofnuð árið 1961 af Peter Benenson, breskum lögfræðingi, sem hafði áhyggjur af því að fólk væri fangelsað eða ofsótt fyrir skoðanir sínar. Síðan þá hefur Amnesty International orðið eitt af stærstu og þekktustu mannréttindasamtökum heims, með milljónum félagsmanna í ótal aðildardeildum í yfir 150 löndum.

Markmið Amnesty International er að berjast fyrir því að allir hafi rétt til lífs, frelsi, öryggi og mannlegum réttindum. Samtökin leggja áherslu á að berjast gegn pyntingum, dauðarfsingum, ólöglegum fangaflutningum og mismunun, auk þess að stuðla að fjárlsum fjölmiðlum og réttindum minnihlutahópa. Með því að safna upplýsingum, skrifa skýrslur og hvetja til aðgerða, hefur Amnesty International haft mikil áhrif á stjórnmal og mannréttindamál í mörgum löndum.

Íslandsdeildin í 50 ár

Íslandsdeild Amnesty International var stofnuð árið 1974 og hefur síðan þá unnið ótulllega að því að auka vitund um mannréttindamál á Íslandi og víða um heim. Deildin hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, þar á meðal að baráttumálum tengdum flóttamönnum, réttindum kvenna,



Úr kröfugöngu Amnesty fyrir réttindum innflytjenda í Denver í Bandaríkjunum. Mynd: Amnesty International/Christoph Koettl



Amnesty barðist fyrir frelsun Aung San Suu Kyi. Mynd: Creative Commons/William Murphy

réttindum hinsegin fólks og baráttu gegn pyntingum. Ísland hefur, með aðstoð þessara samtaka, verið virkt í alþjóðlegum mannréttindamálum og hefur tekið þátt í aðgerðum sem stuðla að réttindum þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.

Íslandsdeildin hefur einnig unnið að því að auka vitund almennings um mannréttindamál, bæði í gegnum fræðslu og aðgerðir. Þeir hafa haldið fyrirlestra, námskeið og aðra fræðslu, sem hafa hjálpað til við

að kynna mikilvægi mannréttinda og nauðsyn þess að berjast fyrir þeim. Með því að virkja samfélagið og hvetja fólk til að taka þátt í baráttunni hefur Íslandsdeildin skapað áhrifamikinn vettvang fyrir umræðu um mannréttindamál.

Stuðningur við alþjóðleg málefni

Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslandsdeildarinnar er að styðja við alþjóðlegar herferðir Amnesty

Laus eftir baráttu Amnesty

Amnesty International hefur unnið að því að frelsa marga einstaklinga sem hafa verið fangelsaðir fyrir skoðanir sínar eða vegna mannréttindabrota. Hér eru tvö dæmi um einstaklinga sem hafa verið sleppt úr fangelsi eftir baráttu Amnesty:

1. Julián Assange: Þó að Assange sé enn í réttarfari, hefur barátta Amnesty International og annarra mannréttindasamtaka haft áhrif á málið hans. Þeir hafa gagnrýnt aðgerðina gegn honum og kallað eftir sanngjörnu ferli.
2. Miriam K.: Hún er ung kona frá Eþíópíu sem var fangelsuð

fyrir að mótmæla ríkisstjórninni. Eftir að Amnesty og aðrir aðgerðarhópar lögðu fram kröfur um frelsun hennar, var hún að lokum sleppt úr fangelsi.

Eitt dæmi um frægan samviskufanga er Aung San Suu Kyi, leiddagi stjórnarandstöðunnar í Myanmar. Hún var fangelsuð í mörg ár fyrir að berjast fyrir lýðræði og mannréttindum í landi sínu. Amnesty International hefur stutt baráttu hennar og kallað eftir frelsun hennar, þar sem hún er táknmynd fyrir baráttu fyrir mannréttindum.



Merki samtakanna. Það er dregið af kírnverku spakmáli um að betra sé að kveikja á herti en bálva myrkrinu.

International. Þetta felur í sér að safna undirskriftum, senda bréf til stjórnvalda og hvetja fólk til að taka þátt í aðgerðum sem miða að því að vernda mannréttindi. Slíkar herferðir hafa oft skilað árangri, þar sem stjórnvöld hafa verið knúin til að breyta stefnu sinni eða frelsa ólöglega fanga.

Íslandsdeildin hefur einnig komið að því að vinna með öðrum mannréttindasamtökum og stofnunum, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Með samstarfi við aðra aðila geta þau aukið áhrif sín og náð betri árangri í baráttunni fyrir mannréttindum. Þetta samstarf hefur einnig leitt til nýrra hugmynda og nálgana í vinnu þeirra, sem er mikilvægt í sýnbreytilegu umhverfi mannréttindamála.

Að halda vöku sinni

Að lokum er mikilvægt að nefna að þrátt fyrir að Ísland sé oft talin vera í fremstu röð þegar kemur að mannréttindum, eru ennþá áskoranir sem nauðsynlegt er að takast á við. Íslandsdeild Amnesty International heldur áfram að berjast fyrir því að tryggja að öll mannréttindi séu virt og að enginn sé gleymdur. Með því að virkja almenning og hvetja til aðgerða, vonast þau til að gera verulegan mun í lífi fólks sem er í hættu eða á hættustigi. Mannréttindabaráttan er ekki bara alþjóðlegt verkefni, heldur einnig staðbundið, þar sem hver og einn getur haft áhrif.

Sverrir Albertsson

Skil á milli veiða og vinnslu

Í umræðum á þingi ASÍ um auðlindamál var bætt við ákvæði um að skilið yrði á milli veiða og vinnslu. Sérstaka athygli vakti að fulltrúar félaga aflandsbyggðinni, sérstaklega þar sem fiskvinnsla er ríkur hluti af atvinnulífi, greiddu almennt atkvæði gegn þessu ákvæði.

„...Sjávarútvegur byggir afkomu sína á nýtingu takmarkaðrar auðlindar. Umgjörð sjávarútvegs

hefur stuðlað að sjálfbærum veiðum og skapað mikil verðmæti. Ávinningur samfélagsins af nýtingu þessarar takmörkuðu auðlindar hefur setið eftir. Af þeim sökum fer meirihluti af auðlindarentu í sjávarútvegi, á bilinu 30-70 milljarðar ár hvert, í vasa eigenda útgerðarfyriertækja.

• Tryggja þarf réttláta hlutdeild þjóðarinnar í auðlindarentu í sjávarútvegi.

• Tryggt verði að auðlindagjald

taki mið af allri afkomu virðisdeðju í sjávarútvegi.

• Fiskveiðistjórnunarkerfið verði endurskoðað frá grunni og endurúthlutað heimildum eftir því sem sú vinna býður upp á.

• Auðlindagjald í sjávarútvegi er gjald á umframhagnað sem verður til við fiskveiðar íslenskra útgerða. Fiskvinnslan hefur verið undanþegin auðlindagjöldum frá árinu 2018 þegar lögum um veiðigjöld í sjávarútvegi var breytt.

Það eru hagsmunir stórútgærðanna að fiskverð sé sem lægst til sjómanna svo reiknað veiðigjald verði sem lægst. ASÍ ætlast til þess að skilið verði á milli veiða og vinnslu í íslenskum sjávarútvegi til að stuðla að réttlátri verðmyndun afurða. Þá skuli útreikningur á auðlindarentu í sjávarútvegi taka mið af bæði veiðum og vinnslu...

Auðlindaályktun þingsins má sjá í heild á heimasíðu ASÍ, www.asi.is